



Fjölbreytt setberg í Terby gígnum

Terby gígurinn á norðurbrún Hellas dældarinnar hefur fyllst af seti, hugsanlega fyrir tilverknað vatns eða í vatni. Vindur hefur rofið norðausturhluta þessara laga og opnað þau. Á nærmynd sjáum við dæmi um þessi efni en mismunandi litir og áferð tákna mismunandi berggerðir.